



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2020

Egilsstaðir, mars 2021

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2020	1
3	Framkvæmdir árið 2020	2
3.1	Landgræðsluaðgerðir á heiðum Jökuldals.....	4
3.1.1	Vaðbrekkuháls.....	4
3.1.2	Sveifarhæð.....	4
3.1.3	Faxagil	4
3.1.4	Laugarvellir	4
3.1.5	Laugarvalladalur.....	4
3.1.6	Múli	4
3.1.7	Brú.....	4
3.1.8	Heiðarsel.....	4
3.1.9	Grunnavatnsalda.....	5
3.1.10	Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)	5
3.1.11	Bjallkolluhraun.....	5
3.1.12	Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir	5
3.1.13	Skjöldólfsstaðhnjúkur.....	5
3.2	Landgræðsluaðgerðir á áreyrum.....	5
3.2.1	Hólmatunga/Hnitbjörg	5
3.2.2	Galtastaðir	5
3.2.3	Hrærekslækur	5
3.3	Framlag til bænda.....	6
3.4	Kort af framkvæmdum sjóðsins.	6
4	Árangursmat - skipulagning aðgerða.....	12
4.1	Jökuldalsheiðin.....	12
4.1.1	Vorskoðun	12
4.1.2	Haustskoðun	16
4.2	Áreyrar	19
4.2.1	Vorskoðun	20
4.2.2	Haustskoðun	21
4.3	Bændadreifing	23

5	Fundargerðir stjórnar 2020.....	25
5.1	Fundargerð 99.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 29.01.2020. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	25
5.2	Fundargerð 100. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 04.02.2020 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	26
5.3	Fundargerð 101. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs mánudaginn 29.06.2020 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.	28
6	Ársreikningar.....	31

Myndaskrá

Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin	1
Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.	1
Mynd 3: Sýnir áborna hektara á ári.	1
Mynd 4: Kort af syðstu svæðunum.	7
Mynd 5: Brú og nágrenni.	8
Mynd 6: Grunnavatnsalda og nágrenni.	9
Mynd 7: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldólfsstaðahnjúk.	10
Mynd 8: Áreyrar Jöklu	11
Mynd 9: Unglingar hafa um árábil unnið í rofabörðum utan við Brú.	12
Mynd 10: Breitt var á norðanverðan Vaðbrekkuháls í sumar.	12
Mynd 11: Skænudalur breiddur árið áður og kemur vel undan vetri.	13
Mynd 12: Rýnt í svörðinn á Skænudal. Áburðargjöf síðustu ára hefur aukið þekju töluvert. .	13
Mynd 13: Faxasvæði.	13
Mynd 14: Dæmigerð þekja á Faxasvæðinu.	13
Mynd 15: Laugarvellir. Svæðið var allt breitt síðast 2018.	13
Mynd 16: Laugarvellir.	13
Mynd 17: Laugarvalladalur. Yfirlit innan við Vesturdalsá.	14
Mynd 18: Laugarvalladalur. Yfirlit innan við Vesturdalsá.	14
Mynd 19: Laugarvalladalur. Svæðið utan við Vesturdalsá var breitt árið áður.	14
Mynd 20: Laugarvalladalur. Utan við Vesturdalsá. Svæðið tekið ágætlega við áburði en ennþá mjög veikt kerfi.	14
Mynd 21: Séð norður á Grænaxlarsvæðið. Svæðið er afgirt og beitt að hluta.	14
Mynd 22: Grænaxlarsvæðið.	14
Mynd 23: Heiðarsel. Töluvert verið unnið á þessum slóðum bæði í uppgræðslu mela og bindingu rofabarða.	15
Mynd 24: Heiðarsel.	15
Mynd 25: Við Heiðarsel.	15
Mynd 26: Við Heiðarsel.	15
Mynd 27: Suður Grunnavatnsöldu. Breitt sumarið áður að norðanverðu.	15
Mynd 28: Grunnavatnsalda. Svæðið er víðfemt og oft líða mörg ár á milli yfirferða á þessum slóðum. Skammtar hafa einnig verið fremur lágir.	15
Mynd 29: Norðan við Ánavatn (gildran). Áhersla er á að viðhalda framvindu þarna með reglulegri áburðargjöf.	16
Mynd 30: Norðan við Ánavatn.	16
Mynd 31: Norðan Ánavatns séð til norðurs.	16
Mynd 32: Norðan Ánavatns.	16
Mynd 33: Skænudalur. Síðast breitt 2019, alls 4-5 sinnum undanfarin ár.	16
Mynd 34: Sami staður og hér til hliðar.	16
Mynd 35: Faxagilssvæðið. Séð á hluta þess sem fékk áburð í sumar.	17
Mynd 36: Hæg framvinda er á svæðinu enda svæðið stórt og nokkur ár líða oft á milli áburðagjafar.	17
Mynd 37: Laugarvellir. Breitt var í sumar á næstum allt sem áður hefur fengið áburð.	17
Mynd 38: Laugarvellir. Ytri hluti svæðisins.	17
Mynd 39: Laugarvalladalur. Mikið hefur áunnist þarna en enn er svæðið mjög viðkvæmt. ...	17
Mynd 40: Laugarvalladalur.	17

Mynd 41: Múli. Séð í suður. Breiðsla 2020 var norðan við veg, fjær til hægri á mynd.	18
Mynd 42: Múli. Séð í norður. Svæðið síðast breitt 2019.	18
Mynd 43: Grænöxl. Áberandi litbrigði þar sem breiðsla sumarsins fór fram.	18
Mynd 44: Grænöxl. Breitt syðri hluti svæðisins neðan girðingar.	18
Mynd 45: Suður af Þverárvatni.	18
Mynd 46: Grunnavatnsalda. Breitt var norðan við veg syðsti hluti. Tiltölulega lítið var komist yfir á Grunnavatnsöldu þetta árið.	18
Mynd 47: Norðan undir Lönguhlíð.	19
Mynd 48: Svæðið hefur fengið áburð 4-5 sinnum áður.	19
Mynd 49: Nyrsti hluti Toddastykkis.	19
Mynd 50: Þarna hefur mikið áunnist í að stöðva rof og binda efni með gróðurhulu.	19
Mynd 51 : Hnitbjörg. Gróður víðast tekið við sér síðustu ár en er enn með litla þekju	20
Mynd 52: Hnitbjörg.	20
Mynd 53: Hnitbjörg.	20
Mynd 54: Dæmigerð þekja á svæðinu. Ábórið sumarið áður.	20
Mynd 55: Eyrarrós.	20
Mynd 56: Á áreyrum við Hnitbjörg.	20
Mynd 57: Hnitbjörg næst ánni. Svæðið er víðfemt. Þessi hluti er kominn skammt í framvindu og fékk síðast áburð 2018.	21
Mynd 58: Hnitbjörg.	21
Mynd 59: Hnitbjörg. Breitt hefur verið þarna 4 sinnum.	21
Mynd 60: Hnitbjörg. Þekja gróðurs orðin nokkur. Þar sem ekki hefur verið breitt áburði undanfarin ár eru lítil ummerki um beit.	21
Mynd 61: Hræreklækjareyri. Eyrin var breidd sumarið 2020 eftir nokkurt hlé.	21
Mynd 62: Víðir hefur víða náð góðri fótfestu í dældum austan við ána, í nokkru skjóli girðingar.	21
Mynd 63: Galtastaðeyri Innri. Breitt var á jaðar með á og nyrðri hluta eyrarinnar sumarið 2020.	22
Mynd 64: Galtastaðeyri Innri. Séð yfir melsvæðið nyrst.	22
Mynd 65: Galtastaðeyri Innri. Hluti eyrarinnar er orðinn ágætlega gróinn en . Súrir taka oft hvað best við sér við breiðslu á eyrarnar.	22
Mynd 66: Galtastaðeyri Innri.	22
Mynd 67: Galtastaðeyri Innri. Melasvæði. Breiðsla sumarið 2020 var óþarflega köflótt á þessum slóðum.	22
Mynd 68: Talsverður laus sandur safnast í melinn og álag frá ánni mikið sum árin.	22
Mynd 69: Galtastaðeyri Ytri. Á elsta hlutanum er víða komin þökkaleg gróðurþekja.	23
Mynd 70: Galtastaðeyri Ytri. Víða má sjá merki um fyrri flóð í Jökulsá.	23
Mynd 71: Galtastaðeyri Ytri. Sum staðar er víðir að festa sig í sessi, sérstaklega þar sem aðgangur að raka er tryggari.	23
Mynd 72: Galtastaðeyri Ytri. Vöxtulegur víðirunni hefur fundið sér set í melkolli norðarlega á eyrinni.	23
Mynd 73: Þríhyrningur. Ábórið svæði í brekkunum efst á mynd.	23
Mynd 74: Þríhyrningur. Garður.	23
Mynd 75: Þríhyrningur. Lerki, víðir og greni.	24
Mynd 76: Furan teygir sig upp fyrir skósóla. Hún gæti verið yngri en grenið og lerkið á svæðinu.	24
Mynd 77: Melur í garði er skýr vísbending um áfök uppúr ströndinni inn í garðinn.	24
Mynd 78: Rabbarbari tekur þátt í að loka gömlu rofabarði.	24



Mynd 79: Skjólið af gömlum rofabörðum notað í tilraunir til að auka tegundafjölbreytileika á svæðinu.....	24
Mynd 80: Mikið hefur áunnist í að binda og hefta rof í hlíðinni ofan við skálann.	24

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Rúnari Inga Hjartarsyni nema annað sé tekið fram. Hann sá einnig um korta- og gagnavinnslu og tók saman efni skýrslunnar.


1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Aðal markið þess er að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Háslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hættan á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Háslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.


Skýrslur sjóðsins er m.a. hægt að nálgast á rafrænu formi á vefnum sjalfbaerni.is (umhverfi – umhverfisvísar), vef Austurbrúar, Alcoa og Landsvirkjunar um sjálfbærniverkefni á Austurlandi.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2020


Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hefur verið unnið að uppgræðslu á um 6.648 ha lands. Sum svæði hefur verið farið oft um og



Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.



Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.



Mynd 3: Sýnir áborna hektara á ári.

jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning eða er nýbyrjað á. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrarnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Tafla 1: Taflan sýnir umfang svæða alls sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2020

Svæði	ha	Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Heiðin er Hrafnkelsdalur og vestan hans, Jökuldalsheiði og Brúaröræfi, svæði sem sjóðurinn hefur haft ákveðna forgöngu um að græða. Bændadreifing eru svæðin þar sem einstaka landeigendur hafa fengið framlög til uppgræðslu á sínum jörðum úr sjóðnum í gegnum tíðina. Þetta eru, Möðrudalur, Þrýhyrningur, Eiríksstaðir, Klaustursel, Hákonarstaðir, Merki, Mælivellir, Hnefilsdalur, Teigarsel og Ketilsstaðir.
Heiði	4.960	
Áreyrar	661	
Bændadreifing	1.027	
Samtals	6.648	

Á myndum 1 og 2 má sjá magnið af áburði annars vegar og fræi hins vegar sem sjóðurinn hefur breitt ár hvert frá upphafi.

3 Framkvæmdir árið 2020

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2020 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift um 150,6 tonnum af áburði á 1.033 hekturum lands og auk þess dreift 280 kg af túnvingulsfræi. Þetta er lítið eitt minna af áburði en breitt var árið á undan en heldur meira af fræi.

Leitað var tilboða í áburð frá helstu áburðarsölum og bærust tilboð frá þeim flestum. Áburðartegundin sem var valin þetta árið var Sprettur 35-15 en einnig var notaður um 12 tonn af Spretti 26-13 sem notaður var í handdreifingu og nokkur s.k. bændasvæði.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason, Árni Jón Þórðarson, Marteinn Óli Aðalsteinsson og Stefán Bragi Birgisson. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Bróðurpartur uppgræðsluverkefna var unnið dagana 29.júní. - 7. júlí.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Sú vinna var unnin með hléum frá 29.6 – 17.7. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Verktakar sáu í mörgum tilvikum um dreifingu áburðar sem heyrir undir „Framlög til bænda“ en einnig sáu einhverjir landeigendur um sína dreifingu sjálfir. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust en yfirleitt tókst að breiða á svæðin í júní og júlí.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

Þann 2.7.2020 voru tekin jarðvegssýni á nokkrum stöðum á uppgræðslusvæðum sjóðsins. Sýnin voru tekin eftir leiðbeiningum frá RML, Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins og send í greiningu hjá Efnagreiningu ehf á Akranesi. Niðurstöðurnar verða nýttar til að aðstoða stjórn og ráðgjafanefnd við val á áburðartegundum.

Tafla 2: Yfirlit svæða sem áborin voru sumarið 2020.

Aðgerðir 2020

Skýring	Ha	Tonn áb.	kg N/ha	Sekkir *)
Vaðbrekkuháls	35	5,4	54	9
Sveifarhæð	19	2,4	44	4
Faxagil	108	15,0	49	25
Laugarvellir	60	8,4	49	14
Laugarvalladalur	34	6,6	68	11
Múli	35	4,8	48	8
Brú - Grænöxl	90	12,0	47	20
Brú - Vörðuhraun	136	18,6	48	31
Heiðarsel	13	1,8	48	3
Gunnvatnsalda	45	4,8	37	8
Sænautasel - Gildra	76	11,0	51	18
Bjallkolluhraun	59	7,3	43	12
Botnahraun	47	5,9	44	10
Langahlíð	71	9,6	47	16
Toddastykki	21	4,6	77	8
Hnitbjörg/Hólmatunga	43	6,0	49	10
Galtastaðir fram	38	6,0	55	10
Hrærekslækjareyri	15	2,4	56	4
Hákonarstaðir	19	2,4	44	4
Klaustursel	27	2,4	31	4
Merki	16	2,4	53	4
Eiríksstaðir	16	2,4	53	4
Teigasel	10	2,4	84	4
Mælivellir	19	2,4	44	4
Þríhyrningsvatn (handbr.)		0,6		1
Handáburður (unglingar)		3,0		5
Bakkapróf		0,0		0
Skemmdir/afföll				0
*) 600 kg sekkir	Alls:	1.052	150,6	251

3.1 Landgræðsluaðgerðir á heiðum Jökuldals

Á heiðar var dreift 121,2 tonnum af áburði á um 849 ha lands. Þar af var 118,2 tonnum véldreift af verktökum. Unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu 3 tonnum í skriður og rofabörð. Auk þess sáði unglingahópurinn 280 kg af húðuðum túnvingli með áburðardreifingunni í sum börðin.

3.1.1 Vaðbrekkuháls

Í Hrafnkelsdal var breitt um 35 ha svæði. Að þessu sinni norðan til í hálsinum þar sem nokkrum sinnum hefur verið breitt áður. Svæðið er fremur brattlent og grýtt og því er tíðni dreifinga haldið í lágmarki. Það er því að jafnaði settur stærri skammtur en víðast þegar svæðið er unnið. Unglingar settu handbreiddu auk þess 600 kg á þessu svæði.

3.1.2 Sveifarhæð

Eini áburðurinn sem breiddur var á Skænudalssvæðinu fór á Sveifarhæð. Breitt var á um 19 ha svæði og notuð 2,4 tonn áburðar. Stór svæði á Skænudal fengu áburð í fyrra en magnið dugði ekki til að ljúka út á Sveifarhæðina þá og því unnið í ár.

3.1.3 Faxagil

Breitt var á syðsta hluta svæðisins norðan við veg og um miðbik þess austan við þar sem metið var styst á veg komið í framvindu á þessum svæði. Þarna fóru 15 tonn á 108 ha.

3.1.4 Laugarvellir

Á svæðið fóru 8,4 tonn og dugði á 60 ha eða bróðurpart þess svæðis sem hefur fengið áburð þarna. Auk þess breiddu unglingar með höndum um 300 kg áburðar umhverfis göngustíg við Hafrahvammagljúfur.

3.1.5 Laugarvalladalur

Þetta árið var áherslan á syðsta hlutann, innan við Vesturdalsá. Þangað voru flutt og breidd 6,6 tonn áburðar sem fóru á 34 ha lands.

3.1.6 Múli

Á Múla var breitt 4,8 tonnum á 35 ha lands, syðst norðan við veg. Auk þess var úr einum sekk áburðar breiddur með höndum í börð sem ekki verður komist að með vél. Hluti þessa var einnig notað við Þverárvatn.

3.1.7 Brú

Breitt var á 226 ha í landi Brúar og 30,6 tonn af áburði notuð. Þar af fóru 12 tonn á Grænöxl, syðri hluta svæðisins austan girðingar. Á Vörðuhrauni fóru 18,6 tonn sunnan við Þverárvatn niður að gömlu slóð og svæðið sunnan við veg. Gullborg var sleppt í ár enda borið á hana nánast alla árið á undan.

3.1.8 Heiðarsel

Sérstök áhersla var á að styrkja rofabörð á tveim stöðum í nágrenni við Heiðarsel, tekinn „barðahringur“. Notuð voru 1,8 tonn á um 13 ha í mjög vogskornu umhverfi í þessum tilgangi. Svæðið er því í lítilli samfellu en mikilvægur þáttur í aðgerðum sjóðsins til að hefta virkt rof. Unglingar breiddu til viðbótar 600 kg í börð utan við Heiðarsel.

3.1.9 Grunnavatnsalda

Haldið var áfram með breiðslu þar sem frá var horfið í fyrra en með talsvert minni skammt en verið hefur flest undanfarin ár, 4,8 tonn á 45 ha. Haldið var áfram þaðan sem frá var horfið í fyrra, suðurum norðan við veg áhersla á að tengja uppgræðslurnar vel inn í nærliggjandi gróður norðan við ölduna þar sem komist er að. Breitt var úr 2 sekkjum í börð á svæðinu sem ekki eru aðgengileg vélum. Grunnavatnsalda er mjög stórt svæði og búast má við að þurfa að breiða einhvern hluta þess árlega næstu árin.

3.1.10 Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)

Að venju var borið á gildrusvæðið norður af Ánavatni. Nú fóru á það 11 tonn á 76 ha lands. Þetta árið var það mið hluti svæðisins sem m.a. teygir sig suður að Ánavatni sem breiddur var. Breitt var auk þess um 900 kg í börð með höndum í börð sem liggja neða við Sænautasel.

3.1.11 Bjallkolluhraun

Undir og norðan við Bjallkollu, svæðið norðan við veg að Sænautaseli, voru breidd 7,3 tonn á 59 ha lands. Á þetta svæði hafði einu sinni verið breitt áður og er því komið skammt í framvindu.

3.1.12 Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir

Breitt var svæðið milli Botnahrauns á milli Lönguhlíðar og Þrívörðuháls og út fyrir Lönguhlíð að norðanverðu. Alls fór á þetta svæði 15,5 tonn áburðar á 118 ha. Einnig var 4,6 tonn af áburði breitt á 21 ha á nyrsta hluta Toddastykkis eða þann hluta er rof er viðráðanlegur. Landgræðslan hefur hafið aðgerðir til bindingu jarðvegs á syðri hluta svæðisins svo þar er áfram unnið á þeim grunni sem sjóðurinn hefur lagt á undanförunum árum.

3.1.13 Skjöldólfstaðhnjúkur

Ekki var breitt á Skjöldólfstaðhnjúk að þessu sinni.

3.2 Landgræðsluáðgerðir á áreyrum

Á áreyrar var breitt á um 96 ha lands og notuð 14,4 tonn af áburði. Áherslan aðallega á svæðið utan við undan Hnitbjörgum, Galtastaða- og Hrærekslækjareyri.

3.2.1 Hólmatunga/Hnitbjörg

Breitt var á nyrsta hluta svæðisins sem ekki hafði fengið um nokkurra ára skeið. Alls voru breiddir þarna 43 ha með 6 tonnum áburðar.

3.2.2 Galtastaðir

Ytri eyrin var hvíld þetta árið enda var farið þangað í fyrra með áburð og árangur hefur verið þokkalegur. Áburður var breiddur á Innri eyrina utanverða og jaðar móts við Jökulsá. Þar fóru 6 tonn á 38 ha lands. Að líkindum þarf að styrkja melin enn frekar á næstu árum þar eð minni áhersla var lögð á hann í dreifingu en ráðlagt hafði verið. Almennt virðist gróðurfar á Galtastaðeyrum taka hratt við áburði og árangur yfirleitt með besta móti.

3.2.3 Hrærekslækur


Ekki hafði verið breitt á Hrærekslækjareyri um árabil þar til í sumar að 2,4 tonn áburðar voru breidd á 15 ha þar. Dugði það til að breiða á nánast allt sem áður hafði fengið áburð þar.

3.3 Framlag til bænda


Nókkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sínu nánasta umhverfi. Í töflu 2 er þessi úthlutun tíunduð ásamt öðru. Alls eru þetta sjö aðilar sem fengu úthlutun þetta árið og breiddu samtals 15 tonn áburðar á um 107 ha til gróðurstyrkingar. Að mestu var unnið með vélum en í tilfelli Þríhryningsvatns er um handdreifingu að ræða á 600kg áburðar í rofabörð og opnanir austan við vatnið.

3.4 Kort af framkvæmdum sjóðsins.


Á næstu síðum eru sýnd kort af helstu framkvæmdum sjóðsins. Á þeim má einnig lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10m x 10m flöt og þar með vísbending um hve mikla meðferð svæðið hefur fengið.




Mynd 4: Kort af syðstu svæðunum.




Mynd 5: Brú og nágrenni.



Mynd 6: Grunnavatnsalda og nágrenni.



Mynd 7: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldólfsstaðahnjúk.



Mynd 8: Áreyrar Jöklu

4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman nokkrum sinnum á árinu 2020. Í henni sitja Jón Hávarður Jónsson skipaður af sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði, Dagbjartur Jónsson frá Landsvirkjun og Rúnar Ingi Hjartarson frá Landgræðslunni. Nefndin er stjórn til ráðgjafar m.a. vegna tilboða í áburðakaup og aðgerðir ársins á svæðunum. Í ársbyrjun hvers árs vinnur nefndin áburðaráætlun sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins og tillaga að skipulagi lögð fyrir stjórn til ákvörðunar. Ráðgjafanefndin annast svo verkstjórn með verktökum. Að hausti er árangur ársins metin og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Jökuldalsheiðin

Veturinn var óvenju snjóþungur á svæðunum en tók hratt upp með vori tíðarfar um margt afar hagstætt gróðri framan af vaxtarskeiði. Þurrkar hömluðu þó verulega seinni hluta sumars skorti víða ákomu langt fram eftir hausti. Áburðarbreiðsla fór fram á svipuðum tíma og undanfarin ár eða í byrjun júlí. Haustið var þó gróðri ágætlega hagstætt og t.a.m. frysti óvanalega seint að haustinu. Á sumum svæðum var vatnsbúskapur sumarsins hamlandi á þroska gróðurs en það virtist þó ekki algilt. Árangur breiðslu ársins var eftir atvikum ágætur og jafnvel betri en búast mátti við í mörgum tilvikum.

Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þokkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

4.1.1 Varskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 24.6.20 (Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Veturinn var töluvert snjóþungur en voraði vel og leysing jöfn og góð. Gróður kom því í meðallagi seint undan snjó en í góðu ásigkomulagi. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.




Mynd 9: Unglingar hafa um árabíl unnið í rofabörðum utan við Brú.



Mynd 10: Breitt var á norðanverðan Vaðbrekkuháls í sumar.



Mynd 11: Skænudalur breiddur árið áður og kemur vel undan vetri.



Mynd 12: Rýnt í svörðinn á Skænudal. Áburðargjöf síðustu ára hefur aukið þekju töluvert.



Mynd 13: Faxasvæði.



Mynd 14: Dæmigerð þekja á Faxasvæðinu.



Mynd 15: Laugarvellir. Svæðið var allt breitt síðast 2018.



Mynd 16: Laugarvellir.



Mynd 17: Laugarvalladalur. Yfirlit innan við Vesturdalsá.



Mynd 18: Laugarvalladalur. Yfirlit innan við Vesturdalsá.



Mynd 19: Laugarvalladalur. Svæðið utan við Vesturdalsá var breitt árið áður.



Mynd 20: Laugarvalladalur. Utan við Vesturdalsá. Svæðið tekið ágætlega við áburði en ennþá mjög veikt kerfi.



Mynd 21: Séð norður á Grænaxlarsvæðið. Svæðið er afgirt og beitt að hluta.



Mynd 22: Grænaxlarsvæðið.



Mynd 23: Heiðarsel. Töluvert verið unnið á þessum slóðum bæði í uppgræðslu mela og bindingu rofabarða.



Mynd 24: Heiðarsel.



Mynd 25: Við Heiðarsel.



Mynd 26: Við Heiðarsel.



Mynd 27: Suður Grunnavatnsöldu. Breitt sumarið áður að norðanverðu.



Mynd 28: Grunnavatnsalda. Svæðið er víðfemt og oft líða mörg ár á milli yfirferða á þessum slóðum. Skammtar hafa einnig verið fremur lágir.



Mynd 29: Norðan við Ánavatn (gildran). Áhersla er á að viðhalda framvindu þarna með reglulegri áburðargjöf.



Mynd 30: Norðan við Ánavatn.



Mynd 31: Norðan Ánavatns séð til norðurs.



Mynd 32: Norðan Ánavatns.

4.1.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 22.09.20 (Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Heiðin kom ágætlega undan vetri um vorið en óvenju langvinnir þurrkar fram eftir sumri og út vaxtartímann héldu eitthvað aftur af framvindu gróðurs. Haustið var milt og frysti seint. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 33: Skænudalur. Síðast breitt 2019, alls 4-5 sinnum undanfarin ár.



Mynd 34: Sami staður og hér til hliðar.



Mynd 35: Faxagilssvæðið. Séð á hluta þess sem fékk áburð í sumar.



Mynd 36: Hæg framvinda er á svæðinu enda svæðið stórt og nokkur ár líða oft á milli áburðagjafar.



Mynd 37: Laugarvellir. Breitt var í sumar á næstum allt sem áður hefur fengið áburð.



Mynd 38: Laugarvellir. Ytri hluti svæðisins.



Mynd 39: Laugarvalladalur. Mikið hefur áunnist þarna en enn er svæðið mjög viðkvæmt.



Mynd 40: Laugarvalladalur.



Mynd 41: Múli. Séð í suður. Breiðsla 2020 var norðan við veg, fjær til hægri á mynd.



Mynd 42: Múli. Séð í í norður. Svæðið síðast breitt 2019.



Mynd 43: Grænöxl. Áberandi litbrigði þar sem breiðsla sumarsins fór fram.



Mynd 44: Grænöxl. Breitt syðri hluti svæðisins neðan girðingar.



Mynd 45: Suður af Þverárvatni.



Mynd 46: Grunnavatnsalda. Breitt var norðan við veg syðsti hluti. Tiltölulega lítið var komist yfir á Grunnavatnsöldu þetta árið.



Mynd 47: Norðan undir Lönguhlíð.



Mynd 48: Svæðið hefur fengið áburð 4-5 sinnum áður.



Mynd 49: Nyrsti hluti Toddastykkis.



Mynd 50: Þarna hefur mikið áunnist í að stöðva rof og binda efni með gróðurhulu..

4.2 Áreyrar

Aðstæður og árangur aðgerða á áreyrunum var ágætur sumarið 2020. Flóð í Jöklu hafa verið minniháttar undanfarin ár og hafða ekki haft nein teljandi áhrif á uppgræðslur. Á svæðinu voraði snemma en óvenju langvinnir þurrkar um sumarið og fram á haust höfðu einhver neikvæð áhrif á gróðurfar á svæðinu. Haustið var þó milt og frysti seint. Hluti svæðisins hefur þó betri aðgang að raka þar sem eyrar liggja lágt eða í lænum. Þar sérstaklega var talsverð gróska þetta árið. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða. Einnig má geta að sauðfjárvarnargirðing út Tunguna sem hluti svæðanna er á „bak við“ virðist ekki halda fé jafn vel og væntingar voru um. Mikilvægt er að girðingahaldari tryggi betur rekstur girðingarinnar.

4.2.1 Vorskodun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 24.6.20. Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi.



Mynd 51 : Hnitbjörg. Gróður víðast tekið við sér síðustu ár en er enn með litla þekju .



Mynd 52: Hnitbjörg.



Mynd 53: Hnitbjörg.



Mynd 54: Dæmigerð þekja á svæðinu. Ábórið sumarið áður.



Mynd 55: Eyrarrós.



Mynd 56: Á áreyrum við Hnitbjörg.

4.2.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 8.10.2020 . Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðum.



Mynd 57: Hnitbjörg næst ánni. Svæðið er víðfemt. Þessi hluti er kominn skammt í framvindu og fékk síðast áburð 2018.



Mynd 58: Hnitbjörg.



Mynd 59: Hnitbjörg. Breitt hefur verið þarna 4 sinnum.



Mynd 60: Hnitbjörg. Þekja gróðurs orðin nokkur. Þar sem ekki hefur verið breitt áburði undanfarin ár eru lítil ummerki um beit.



Mynd 61: Hrærekslækjareyri. Eyrin var breidd sumarið 2020 eftir nokkurt hlé.



Mynd 62: Víðir hefur víða náð góðri fótfestu í dældum austan við ánnu, í nokkru skjóli girðingar.



Mynd 63: Galtastaðaeypri Innri. Breitt var á jaðar með á og nyrðri hluta eyrarinnar sumarið 2020.



Mynd 64: Galtastaðaeypri Innri. Séð yfir melsvæðið nyrst.



Mynd 65: Galtastaðaeypri Innri. Hluti eyrarinnar er orðinn ágætlega gróinn en . Súrur taka oft hvað best við sér við breiðslu á eyrarnar.



Mynd 66: Galtastaðaeypri Innri.



Mynd 67: Galtastaðaeypri Innri. Melsvæði. Breiðsla sumarið 2020 var óþarflega köflótt á þessum slóðum.



Mynd 68: Talsverður laus sandur safnast í melinn og álag frá ánni mikið sum árin.



Mynd 69: Galtastaðaeypri Ytri. Á elsta hlutanum er víða komin þökkaleg gróðurþekja.



Mynd 70: Galtastaðaeypri Ytri. Víða má sjá merki um fyrri flóð í Jökulsá.



Mynd 71: Galtastaðaeypri Ytri. Sum staðar er víðir að festa sig í sessi, sérstaklega þar sem aðgangur að raka er tryggari.



Mynd 72: Galtastaðaeypri Ytri. Vöxtulegur víðirunni hefur fundið sér set í melkolti norðarlega á eyrinni.

4.3 Bændadreifing

Skoðunarferð var farin í Þríhyrning samhliða ferð um heiðina 22.9.20. Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir úr ferðinni. Gróðurfar þar og tilraunir með mismunandi tegundir eru um margt áhugaverðar.



Mynd 73: Þríhyrningur. Áborið svæði í brekkunum efst á mynd.



Mynd 74: Þríhyrningur. Garður.



Mynd 75: Þríhyrningur. Lerki, víðir og greni.



Mynd 76: Furan teygir sig upp fyrir skósóla. Hún gæti verið yngri en grenið og lerkið á svæðinu.



Mynd 77: Melur í garði er skýr vísbending um áfök uppúr ströndinni inn í garðinn.



Mynd 78: Rabbarbari tekur þátt í að loka gömlu rofabarði.



Mynd 79: Skjólíð af gömlum rofabörðum notað í tilraunir til að auka tegundafjölbreytileika á svæðinu.



Mynd 80: Mikið hefur áunnist í að binda og hefta rof í hliðinni ofan við skálann.

5 Fundargerðir stjórnar 2020

5.1 Fundargerð 99.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 29.01.2020. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mættir eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Sólrún Hauksdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl: 15:00.

1. Ársreikningur 2019 lagður fram til undirritunar og samþykktar.

Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi frá Deloitte mætti til fundar undir þessum lið. Fór Sigurður yfir ársreikning 2019. (Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2018). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 313.302.915 (322.258.015) Til ráðstöfunar á árinu 2020 eru áætlaðar 21 millj.kr sem byggir á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 1,28 %.

Að lokinni yfirferð var reikningurinn borinn upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ársreikninginn verður sendur til ríkisskattstjóra, ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Sigurði þökkun koman sem og veitt þjónusta Deloitte, vék hann hér af fundi.

2. Útgjaldaáætlun 2020.

Farið yfir útgjaldaáætlun fyrir árið 2020.

Þóknun vegna fundarsetu 2020 taki mið af launataxta FOSA launaflokkur 120, 1. þrep eins og hann er á útborgunadegi launa. Nefndarmönnum verði greitt 12 % af umræddum taxta fyrir hvern setinn fund. Laun formanns 25 % af taxta. Akstur verði greiddur eftir ríkistaxta. Áætlunin rúmast innan þeirrar heimildar sem kynnt var í 1. lið þessa fundar.

Samþykkt samhljóða.

Fulltrúar ráðgjafanefndar mæta til fundar.

3. Val á áburðartegundum í verðkönnun fyrir landbótastarf 2020.

Að höfðu samráði við ráðgjafanefnd felur stjórn formanni að senda eftirtöldum áburðarbirgjum boð um að taka þátt í verðkönnun á eftirfarandi áburðartegundum til landbótastarfs 2020.

Söluaðili	Tegund
Búvís	Völlur 27-12
Búvís	Völlur 30-10
Fóðurblandan	Fjölmóði 2
Fóðurblandan	Fjölmóði 4
Sláturfélag Suðurlands (Yara)	NP 26-4
Skeljungur	Sprettur 26-13
Skeljungur	Sprettur 35-15
Lífland	LÍf 26-13 + se

Verðkönnunin verði metin út frá verði hreinna efna N og P.

Stjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða verðboðum sem er eða hafna öllum.

Stefnt skal að opnun verðkönnunar þriðjudaginn 4.febrúar 2020 kl 16:00.

Samþykkt.

4. Erindi frá Kristjáni Guðþórssyni.

Kristján óskar eftir að fá að bera sjálfur á áburð í landi Hnitbjarga og Árteigs .

Stjórn hafnar erindinu á þeirri forsendu að samið hefur verið við verkataka um áburðardreifingu til 2022 á áreyrum Jökulsár í Hlíð og Hróarstungu.

Samþykkt.

5. Styrkbeiðni landeigenda Fögruhlíðar og Hólmatungu.

Málið áður á dagskrá 92.-94. og 95 fundar.

Í vinnslu.

6. Önnur mál.

6.1 Formaður spurði Rúnar Inga um hvenær megi vænta að ársskýsla 2019 verði tilbúinn.

Mun hún verða tilbúin til birtingar í byrjun febrúar samkvæmt svari Rúnars.

Gert er ráð fyrir í útgjaldaáætlun að skýrslunni verði dreift með sama hætti og síðasta ár.

7. Afgreiðsla fundargerðar og fundarslit.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl. 17:55.

Fundargerð ritar

Sigvaldi H Ragnarsson.

5.2 Fundargerð 100. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 04.02.2020 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Sólrún Hauksdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl 16:00.

1. Opnun á verðkönnun.

Mættir til fundar auk stjórnar: Dagbjartur Jónsson og Rúnar Ingi Hjartarson frá ráðgjafanefnd sjóðsins, Jón Hávarður Jónsson boðaði forföll. Einnig mættir eftirtaldir fulltrúar söluaðila: Jón Björgvin Vernharðsson frá Skeljungu og Sigurbjörn Snæþórsson frá Fóðurlöndunni.

Baldur Grétarsson mætti með tilboð frá Búvís en gat ekki verið viðstaddur opnun verðboða.

Eftirfarandi verð hafa borist.

Tafla yfir verð á áburð 2020 með uppgefnum tölum frá tilboðsaðilum.

	Tegund	magn tn.	kr/tn m vsk	samt. með vsk	gr.dagur	Annað
Búvís	Völlur 27-12	180	63.736	11.472.480	15.mai	
Búvís	Völlur 30-10	180	58.875	10.597.536	15.mai	
Fóðurblandan	Fjölmóði 2	180	60.303	10.854.582	15.mai	
Fóðurblandan	Fjölmóði 4	180	59.682	10.742.795	15.mai	
Fóðurblandan	UREA 35-15	180	73.130	13.163.443	15.mai	
Skeljungur	Sprettur 35-15	180	74.270	13.368.648	15.mai	
Skeljungur	Sprettur 26-13	180	62.696	11.285.215	15.mai	

Lífland afþakkaði boð um að senda inn verð með tölvupósti dags 30.01.2020 undirritað af Jóhannesi Baldvin Jónssyni. Þá liggur eining fyrir bréf dagsett 31.01 2020 frá Sláturfélagi Suðurlands undirritað af Elíasi Hartmanni Hreinssyni þar sem fyrirtækið afþakkar þátttöku í verðboðinu.

Sigurbjörn Snæþórsson leggur fram nokkrar spurningar skriflega varðandi útreikninga á tilboðum og innihaldi áburðar.

Dagbjartur svaraði að hluta spurningum Sigurbjörns en leggur til að erindið verði tekið til vinnslu og formlegt svar mun verða sent síðar.

Jón Björgvin bendir á að rétt væri að sjóðurinn taki ákvörðun um hvort áburður innihaldi brennistein.

Formaður spurði um hvort viðstaddir áburðarsalar geti sýnt fram á upplýsingar um kolefnispor við framleiðslu á áburði. Sagði jafnframt að til þess gæti komið að farið verði fram á slíka vottun.

Fulltrúum áburðasala þökkuað koman.

Fleira ekki gert undir þessum lið.

2. Erindi frá Elíasi Hartmanni Hreinssyni Sláturfélagi Suðurlands.

Til kynningar.

3. Afgreiðsla innsendra verðboða í áburð.

Stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar þeim Dagbjarti og Rúnari Inga yfirfóru verðboðin. Að tillögu ráðgjafanefndar er formanni falið að ganga til samninga um kaup á 140,4 tonnum af Spretti OEN 35-15 fyrir kr. 10.427.545 með vsk. eða kr 74.270 per tonn. og 10,2 tonn af Spretti 26-13 fyrir krónur 639.495 með vsk. eða kr 62.695 per tonn. Áburðurinn verður afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur að fullu.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

4.1 Dagbjartur leggur til að tekin verði jarvegsýni í júnímánuði nk.

Samþykkt.

Rúnar Ingi og Dagbjartur yfirgefa fundinn að loknum þessum dagskárlið.

4.1 Fyrir liggur bréf frá Birni Ingimarssyni formanni undirbúningstjórnar sameinaðs sveitarfélags. Erindið varðar hvort grípa þurfi til ráðstafana varðandi breytingu á gildandi lögum og samþykktum sjóðsins.

Stjórn sér ekki miðað við skipulagsskrá sjóðsins að þörf sé á samþykktar breytingu.

5. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 29.01.2020.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

6. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

7. Fundarslit kl 19:20.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.3 Fundargerð 101. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs mánudaginn 29.06.2020 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Björn Hallur Gunnarsson og Sólrún Hauksdóttir varamaður í forföllum Katrínar Ásgeirsdóttur.

Sigvaldi setti fund kl 17:00

1. Undirritun og samþykkt 100. fundargerðar frá 04.02.2020.

Fundargerðin undirrituð og samþykkt.

2. Verkáætlun landbótastarfs 2020 – kynning ráðgjafanefndar.

Mættir er til fundar ráðgjafanefnd sjóðsins Jón Hávarður Jónsson og Dagbjartur Jónsson, Rúnar Ingi Hjartarson mætir til fundar 17:45.

Þann 24. júní fór ráðgjafanefnd í skoðunarferð um uppgræðslusvæði á Jökuldalsheiði, Hrafnkelsdal, áreyrar Jökulsár í Jökulsárhlíð og Hróarstungu.

Jón Hávarður gerði grein fyrir áætlun nefndarinnar og útdeilingu þeirra 150,6 tonna af áburði sem borin verða á þetta sumarið. 116,4 tonn á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal, áreyrar í Hróarstungu 8,4 tonn og 5,4 tonn á áreyrar í Jökulsárhlíð. Svonefnd framlög til bænda verði 15 tonn. Auk þessa mun sumarvinnuflokkur Landsvirkjunar undir stjórn Arnórs Benediktssonar dreifa 4,8 tonn af áburði. Eftir stendur 0,6 tonn óráðstafað. Gert er ráð fyrir lítilsháttar fræðreifingu en Arnóri er falið að meta þörf fyrir fræ að venju. Dreifing áburðar og á fræi er framkvæmd af vinnuflokki LV á þeim svæðum sem ekki eru véltek. Ráðgjafanefnd telur að hægt sé að hefja dreifingu á áður nefnd svæði á næstu dögum.

Verkáætlun ráðgjafarnefndar 2020 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

3.1 Jarðvegssýni .

Tekin verða jarðvegssýni af Dagbjarti Jónssyni á næstu dögum sbr samþykkt frá 100 fundi 4.2.2020. Ráðgjafanefnd hefur ákveðið sýnatökustaði. Kostnaður við efnagreiningu sýnanna er tekið af óráðstöfuðu fé útgaldaáætlunar.

Samþykkt.

3.2 Toddastykki .

Rúnar gerði grein fyrir að Landgræðslan er að hefja uppgræðsluverkefni í Toddastykki þar sem Landbótasjóður hefur verið að vinna á undanförunum árum. Landbótasjóður mun því nú færa uppgræðslusvæði í átt að Lindarselsrétt og hverfa frá því svæði sem Landgræðslan tekur yfir.

Samþykkt.

3.3 Rúlludreifing Hólmaturungu.

Málið áður á dagskrá 92- 96, 98 og 99 fundar.

Ráðgjafanefnd mun setja sig í samband við fulltrúa landeigenda á næstu dögum og taka svæðið út.

Málið í vinnslu.

3.4 Bakkapróf .

Ekki er gerð krafa um bakkapróf frá Landbótasjóði þar sem um sömu áburðartegund er að ræða og á síðasta ári.

4. Undirritun á skjali til Rsk „ tilkynning um breytingu á stjórn“

Núverandi stjórn ásamt varastjórn sem kosin var af bæjarstjórn Fljótsdalshéðas 20.júní 2018 þarf að skila inn undirritun um breytingu á stjórn þar sem Guðgeir Þ. Ragnarsson Hjarðar sem var fyrsti formaður sjóðsins er enn skráður í gögnum Rsk og fyrirtækjaskrár sem formaður.

Stjórn sjóðsins, ásamt Guðgeiri Þ. Ragnarsson Hjarðar sem er mættur til fundar undirrita skjalið. Formanni falið að fá undirskriftir varamanna Guðrúnar Rögnu Einarsdóttur, Stefanínu M. Stefánsdóttur og aðalmanns Katrínar Ásgeirsdóttur og skila skjalinu til Rsk að því loknu.

Samþykkt.

Fundarhlé kvöldverður.

Guðgeir yfirgefur fundinn.

Mættir eru til fundar.

Arnór Benediktsson starfsmaður sumarvinnuflokks Landsvirkjunar, Sigurður H Jónsson flutningsverktaki og áburðarverktakarnir Stefán Bragi Birgisson, Agnar Benediktsson, Árni Jón Þórðarson, Marteinn Óli Aðalsteinsson og Snæbjörn Ólason.

5. Verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv kynnt verkáætlun.

Jón Hávarður kynnti ný samþykktu verkáætlun 2020 fyrir verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv.

Þá var farið yfir nokkur framkvæmdaratriði í samskiptum stjórnar, ráðgjafanefndar og verktaka sem og starfsmanns Lv. varaðndi nokkur atriði meðhöndlun á gölluðum áburði. Stjórn mælist til með að verktakar taki myndir af vinnu við uppgræðslustörf og annað sem kann að nýtast sjóðnum í kynningarefni sínu.

6. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

7. Fundarslit kl 20:15.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

6 Ársreikningar

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2020

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2020

Efnisyfirlit	
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2020, hreinni eign hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 27. janúar 2021

Deloitte ehf.


Sigurður Álfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 14,9 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 2,9 millj. kr. Ráðstöfun á árinu 2020 nam 18,5 millj. kr., og óráðstafað í árslok -0,7 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2021 geti orðið u.þ.b. 15,4 milljónir króna.

Óvissupættir og ytra umhverfi

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Brúarási, 27. janúar 2021

Í stjórn

Sigvaldi H. Ragnarson
Sólvör Hauksdóttir
Katrín Ásgaardsdóttir

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2020

	Skýr.	2020	2019
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	6.654.179	6.546.110
Hreindýraarður		328.888	318.916
		<u>10.983.067</u>	<u>10.865.026</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	14.038.591	14.605.537
Fjármagnstekjuskattur	8	(3.088.315)	(3.212.902)
Vaxtagjöld	8	(525)	(1.450)
		<u>10.949.751</u>	<u>11.391.185</u>
		<u>21.932.818</u>	<u>22.256.211</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	9	(18.505.135)	(21.949.063)
		<u>(18.505.135)</u>	<u>(21.949.063)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(10.195.966)	(9.262.248)
		<u>(10.195.966)</u>	<u>(9.262.248)</u>
Hækkun (Lækkun) á hreinni eign á árinu	5	(6.768.283)	(8.955.100)
Hrein eign frá fyrra ári		<u>313.302.915</u>	<u>322.258.015</u>
Hrein eign í árslok	5	<u>306.534.632</u>	<u>313.302.915</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	21.585.014	31.780.980
		<u>21.585.014</u>	<u>31.780.980</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		172.779	381.030
Skammtímakröfur		2.215.029	2.181.286
		<u>2.387.808</u>	<u>2.562.316</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	282.561.810	278.959.619
		<u>282.561.810</u>	<u>278.959.619</u>
		<u>306.534.632</u>	<u>313.302.915</u>
Hrein eign		<u>306.534.632</u>	<u>313.302.915</u>
 Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	(721.738)	2.912.499
Til ráðstöfunar síðar	5	<u>307.256.370</u>	<u>310.390.416</u>
Hrein eign samtals		<u>306.534.632</u>	<u>313.302.915</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	10.654.179	10.546.110
Aðrar innborgaðar tekjur	5	295.145	302.863
Innborgaðir vextir	8	10.950.276	11.392.635
		<u>21.899.600</u>	<u>22.241.608</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(18.296.884)	(22.734.962)
Vaxtagjöld	8	(525)	(1.450)
		<u>(18.297.409)</u>	<u>(22.736.412)</u>
Hækkun á handbæru fé		3.602.191	(494.804)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>278.959.619</u>	<u>279.454.423</u>
Handbært fé í lok árs		<u>282.561.810</u>	<u>278.959.619</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi, auk viðauka við samninginn, við Norður-Hérað nema alls kr. 220.000.000, og skulu þau greiddast á 20 árum. Framlöggin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 212.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2020	2019
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	212.000.000	208.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	72.191.643	65.537.464
Greitt alls.....	284.191.643	273.537.464
Framlög til og með árinu 2022.....	8.000.000	12.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	13.585.014	19.780.980
Óhafin framlög samtals.....	21.585.014	31.780.980
	305.776.657	305.318.444

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Austurlands.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2020	2019
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	310.390.416	315.459.693
Verðtrygging höfuðstóls	10.832.153	8.425.959
Laust til ráðstöfunar, 1/23 (1/24) hluti	(13.966.199)	(13.495.236)
	<u>307.256.370</u>	<u>310.390.416</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	2.912.499	6.798.322
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	13.966.199	13.495.236
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	575.811	4.249.088
Hreindýraarður	328.888	318.916
Ráðstafað á árinu	(18.505.135)	(21.949.063)
Óráðstöfuð (ófráðstöfuð) heimild í árslok	<u>(721.738)</u>	<u>2.912.499</u>
Hrein eign samtals	<u>306.534.632</u>	<u>313.302.915</u>

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2020	2019
Vextir af bankareikningi.....	14.038.591	14.605.537
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(3.088.315)	(3.212.902)
Vaxtagjöld	(525)	(1.450)
	<u>10.949.751</u>	<u>11.391.185</u>

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Áburður og fræ	11.067.002	13.390.958
Aðkeypt vinna verktaka	4.735.650	4.947.707
Flutningskostnaður	1.199.732	1.233.831
Vinnulaun	511.497	1.050.784
Akstur	80.256	178.044
Tryggingagjald	41.312	89.078
Lífeyrissjóður	58.822	120.840
Endurhæfingarsjóður	512	1.052
Fundakostnaður	79.650	56.000
Annar ósundurliðaður kostnaður	3.500	129.332
Aðkeypt sérfræðipjónusta	719.911	638.737
Lögfræðikostnaður	7.291	112.700
	<u>18.505.135</u>	<u>21.949.063</u>

10. Önnur mál

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19.